

Fundargerð 46. fundar stjórnar SSNV, 6. ágúst 2019.

Þriðjudaginn 6. ágúst 2019 kom stjórn SSNV til fundar á Húnavöllum og hófst fundurinn kl. 9:30.

Mætt voru: Þorleifur Karl Eggertsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Vagn Stefánsson, Álfhildur Leifstóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Þorleifur Karl Eggertsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í stjórn Markaðsstofu Norðurlands.
2. Almennings­samgöngur.
3. Fyrirtækjakönnun 2018.
4. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.
5. Haustþing SSNV.
6. Fjöldi starfandi einstaklinga eftir landshlutum.
7. Fundargerðir.
8. Umsagnarbeiðnir og mál í samráðsgátt stjórnvalda.
9. Skýrsla framkvæmdastjóra.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í stjórn Markaðsstofu Norðurlands.

Stjórn MN hefur samþykkt beiðni SSNV um að samtökin tilnefni áheyrnarfulltrúa í stjórn markaðsstofunnar.

Stjórn SSNV tilnefnir Álfhildi Leifsdóttur sem áheyrnarfulltrúa í stjórn Markaðsstofu Norðurlands með málfrelsi og tillögurétt.

2. Almennings­samgöngur.

Lagt fram minnisblað dagsett 25. júní frá Vegagerðinni um mögulegt framtíðar rekstrarform almennings­samgagna. Var minnisblaðið tekið saman í kjölfar fundar fulltrúa landshlutasamtakanna og Vegagerðarinnar. Í minnisblaðinu kemur fram að eyða þurfi óvissu um rekstur almennings­samgangna. Til þess að svo megi verða eru að mati Vegagerðarinnar tvær leiðir færar, annars vegar að Vegagerðin taki þjónustuna yfir og hins vegar að stofnað verði sameiginlegt félag ríkis og landshlutasamtaka þar sem ábyrgð á kostnaði dreifist eftir eignarhlut. Í minnisblaðinu er síðari tillagan útlistuð nánar og lagt til eignarhlutfall, stofnframlag, fjármögnun starfsmanna og styrkframlag ríkis. Að lokum er í minnisblaðinu farið fram á að tekin verði afstaða til tillagnanna í síðasta lagi 4. júlí.

Einnig lagt fram svar fulltrúa landshlutasamtakanna í viðræðum við Vegagerðina þar sem fram kemur að miðað við umræður síðustu missera og áherslu landshlutasamtaka um að þau muni ekki bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri málaflokksins sem á að vera á hendi ríkisins, gætu fulltrúar landshlutasamtakanna ekki mælt með því að tillagan verði samþykkt enda væru afar litlar líkur á að hún hlyti brautargengi.

Stjórn SSNV lýsir yfir vonbrigðum með tillögu Vegagerðarinnar og tekur undir afstöðu fulltrúa landshlutasamtaka í viðræðum um framtíðar rekstrarform almennings-samgangna. Ítrekað er að almennings-samgöngur eru verkefni á ábyrgð ríkisins og eiga því að vera fjármagnaðar að fullu af ríkinu. Það að gera landshlutasamtökin og þar með sveitarfélögin í landinu fjárhagslega ábyrg fyrir málaflokki að stórum hluta er ekki ásættanleg niðurstaða.

Stjórn SSNV vill hins vegar árétta mikilvægi þess að heimamenn hafi aðkomu að rekstri almennings-samgangna vegna staðbundinnar þekkingar á þörf og leiðarvali. Einnig tekur stjórn undir það sem fram kemur í svari landshlutasamtakanna við minnisblaði Vegagerðarinnar um vilja til áframhaldandi viðræðna í átt að farsælli lausn málsins.

3. Fyrirtækjakönnun 2018.

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum fyrirtækjakönnunar sem unnin var árið 2018 af Vífli Karlssyni. Framkvæmdastjóra falið að fá Vífil til að kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir sveitarstjórnnum á starfssvæðinu.

4. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.

Lögð fram beiðni um umsögn samtakanna um fyrstu drög stefnu umhverfis og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.

Stjórn samþykkir að vísa erindinu til umsagnar hjá starfshóp um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi.

5. Haustþing SSNV.

Skv. starfsáætlun samtakanna skal haustþing haldið 18. október 2019 í Skagafirði. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja undirbúning þess í takt við samþykktir- og fundarsköp samtakanna.

6. Fjöldi starfandi einstaklinga eftir landshlutum.

Framkvæmdastjóri leggur fram greiningu á fjölda starfandi einstaklinga í landshlutanum og samanburð á milli áranna 2005, 2010 og 2018 byggt á tölum frá Hagstofu Íslands.

Í greiningunni kemur fram að á milli áranna 2010 og 2018 fjölga starfandi einstaklingum á Norðurlandi vestra um 141 sem er 3,1% fjölgun. Fjölgunin á landinu öllu á sama tíma er nokkuð meiri eða 23%.

Ef skoðuð er þróunin frá árinu 2005 kemur í ljós að starfandi einstaklingar eru ennþá færri á Norðurlandi vestra en þá var. Athyglisvert er að eina sveitarfélagið í landshlutanum sem hefur náð að fara fram úr fjölda starfandi einstaklinga árið 2005 er Blönduósbær þar sem uppbygging gagnavers hefur átt sér stað á undanförunum misserum.

Þrátt fyrir að niðurstaða greiningarinnar sýni fjölgun starfandi einstaklinga á Norðurlandi vestra er ljóst að stóráttaks er þörf í atvinnumálum í landshlutanum. Framkvæmdastjóra er falið að fá fund með ráðamönnum til að ræða stöðu landshlutans og hugmyndir sveitarfélaganna á starfssvæðinu til úrbóta.

7. Fundargerðir.

Lagðar fram til kynningar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. maí 2019.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 21. júní 2019. .

Stjórn SASS, 16. maí 2019.

Stjórn SASS, 28. júní 2019..

Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál, 5. júní 2019.

Stjórn Eyþings, 12. júní 2019.

Stjórn Eyþings, 25. júní 2019.

Stjórn Vestfjarðastofu, 12. júní 2019.

Stjórn SSH, 3. Júní 2019.

Stjórn SSH, 1. júlí 2019.

8. Umsagnarbeiðnir og mál í samráðsgátt stjórnvalda.

- a. [Grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi.](#)
- b. [Landsbyggðarverkefni – tillögur til að bregðast við vanda á landsbyggðinni – húsnæðisstuðningur.](#)
- c. [Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.](#)

Framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu í takt við fyrri umsagnir. Ekki þykir ástæða til umsagnar um önnur mál.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Flutt munnlega á fundinum.

10. Önnur mál.

Engin önnur mál komu fram.



**Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundí slitið kl. 10:55.**

Þorleifur Karl Eggertsson

Ragnhildur Haraldsdóttir

Valdimar O. Hermannsson

Stefán Vagn Stefánsson

Álfhildur Leifsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir